



Borgarstjórn Reykjavíkur
21. apríl 2026

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um Miklubrautargöng í einkaframkvæmd

Reykjavíkurborg lýsir því yfir að Miklubrautargöng verði sett í einkaframkvæmd og hefjist vinna við undirbúning þeirra á þessu ári og stefnt verði að því að þeim verði lokið árið 2032. Framkvæmdaáætlun samgöngusáttmálans verði breytt til samræmis.

Greinargerð

Umferð á höfuðborgarsvæðinu hefur versnað verulega á undanförunum árum og Miklabraut er einn helsti flöskuháls vegakerfi borgarinnar. Þar fara daglega tugir þúsunda bíla um og á álagstímum myndast reglulega tafir sem hafa áhrif á atvinnulíf, daglegt líf fólks og loftgæði í borginni.

Undanfarin ár og áratugi hafa nágrannabjóðir okkar sýnt að stór samgöngumannvirki af þessu tagi eru bæði framkvæmanleg og skynsamleg fjárfesting til framtíðar. Færeyingar hafa á undanförunum árum byggt fjölda jarðganga sem hafa gjörbreytt samgöngum í eyjunum og stýtt ferðatíma milli byggða verulega. Víða á Norðurlöndum hafa borgir og bæir jafnframt ráðist í göng undir þéttbýli til að bæta flæði umferðar og skapa betra borgarumhverfi á yfirborði.

Einkaframkvæmd er raunhæf leið til að koma þessu mikilvæga verkefni af stað án þess að bíða árum eða áratugum eftir hefðbundinni fjármögnun hins opinbera eða þess að fjármögnun samgöngusáttmálans verði ljós. Með því að hefja undirbúning nú er hægt að skapa skýra framtíðarsýn um framkvæmd sem bætir samgöngur, styður við þróun borgarinnar og nýtir betur það svæði sem Miklabraut liggur um.



Reykjavík